

Sigrún Hannesdóttir
Steinunn Kristjánsdóttir

DYSJAR HINNA DÆMDU

Áfangaskýrsla 2019



Reykjavík 2019

Efnisyfirlit

Inngangur	2
Gálgagil í Víðidal.....	2
Gálgi á Heggstöðum	3
Gálgi við Hróarsholt	4
Vælugerðisþing og Mannabeinamelur	4
Klofasteinar í Eyjafirði	6
Hof við Höfðaströnd	7
Bakkárholt í Ölfusi.....	7
Heimildir	9
Myndir	10

©Steinunn Kristjánsdóttir og Sigrún Hannesdóttir

Reykjavík: Steinunn Kristjánsdóttir og Sigrún Hannesdóttir

Forsíðumynd: Snædís Sunna Thorlacius, starfsmaður verkefnisins, í Möðrufellshrauni í Eyjafirði þar sem að þrír piltar voru hálshöggðir og dysjaðir árið 1751 (ljósm. höfundur).

Rannsóknin var styrkt af Rannsóknarsjóði Háskóla Íslands og Fornminjasjóði

Inngangur

Í þessari skýrslu er fjallað um vettvangsferðir sem gerðar voru á vegum rannsóknaverkefnisins *Dysjar hinna dæmdu* sumarið 2019. Fyrsti áfangi verkefnisins hófst árið 2018 og fólst hann í öflun heimilda um aftökur. Út frá þeim hefur verið unninn gagnagrunnur með upplýsingum um yfir 240 einstaklinga sem teknir voru af lífi á Íslandi á tímabilinu 1550–1830 (sjá Steinunn Kristjánsdóttir, Sigrún Hannesdóttir og Magnea Dís Birgisdóttir 2018). Sumarið 2019 hélt vinna áfram við gagnagrunninn en auk þess var farið í vettvangsferðir á ýmsa meinta aftökustaði; í Gálgagil í Víðidal, að Gálga á Heggstöðum, Gálga í Hróarsholti, á Bakkárholtsping, Vælugerðisping, Hof á Höfðaströnd, og í Möðrufellshraun í Eyjafirði. Meginmarkmið ferðanna var að kanna staðarhætti en í sumum tilfellum einnig að leita mögulegra dysjunarstaða.

Starfsmenn sumarsins 2019 voru ásamt Steinunni Kristjánsdóttur, sem fer fyrir verkefninu, Ómar Valur Jónasson, Sigrún Hannesdóttir, og Snædís Sunna Thorlacius. Auk þeirra vettvangsferða sem fjallað er um hér fór fram uppgröftur á Þorgautsdys á Arnarnesi og í Hallberuhelli í Lækjarbotnum en fjallað hefur verið sérstaklega um þær rannsóknir í örðum skýrslum.

Gálgagil í Víðidal

Þann 12. júní var farið að Gálgagili út frá Jörfalandi í Víðidal en þar voru a.m.k. sex þjófar hengdir á þriggja ára tímabili, 1699–1701 (Steinunn Kristjánsdóttir, Sigrún Hannesdóttir og Magnea Dís Birgisdóttir 2018). Samkvæmt munnmælum hafa fundist mannabein í landi Jörfa en það hefur ekki fengist staðfest. Meðal þeirra sem hengdir voru í Gálgagili var Sveinn Halldórsson úr Borgarfirði sem var sagður hafa smíðað lykla og komist þannig inn í öll hús, Hann var m.a. sakaður um að hafa stolið upp á 40 dali úr Kalmannstungu í Fjótshlíð. Þegar færa átti Svein að aftökustaðnum slapp hann og hljóp í Víðidalsfjall upp frá gilinu. Hann náðist þó aftur með nokkru afreki og var hengdur (Vallaannáll, bls. 436; Mælifellsannáll, bls. 591, Grímsstaðaannáll, bls. 507–508).



Mynd 1. Gálgagil í Víðidal.

Lítið er vitað um það með vissu hvernig hengingar á þjófum fóru fram eða hvers konar tól voru notuð. Þó benda gil og klettur, sem bera örnefni er vísa í gálga eða því um líkt, til þess að alloft hafi verið notaðir náttúrulegir gálgar. Þá kann tré að hafa verið lagt þvert yfir gil og snara bundin á það eða þá að snaran var fest við klettanös og hinum dæmda hent niður. Í tilfalli Gálgagils í Víðidal er seinni tilgátan líklegri þar sem gilið virðist of breitt til þess að tré hafi verið lagt yfir það.

Gálgi á Heggstöðum

Þann 20. júní var farið að Gálga á Heggstöðum. Á landinu eru talið að hafi verið þingsstaður Andakílshrepps og benda örnefni Gálgi, Gálgaholt og Gálgaskarð í landinu til þess að þar kunni dauðadómum fyrir þjófnað að hafa verið framfylgt.



Mynd 2. Gálgi á Heggstöðum.

Klettarnir sem kenndir eru við Gálga virðast kjörinn fyrir slíkan verknað og ólíkt Gálgagili í Víðidal mætti vel leggja tré þvert á milli klettana og binda þar snöru. Hins vegar hafa engar ritaðar heimildir fundist um aftökur á þjófum á Heggstöðum og því verður ekki fullyrt hér að Gálgi sér sannarlega aftökustaður.

Gálgi við Hróarsholt

Þann 22. júlí var farið að Gálga í Hróarsholti. Líkt og í tilfalli Gálga á Heggstöðum virðist Gálgi við Hróarsholt tilvalinn staður til henginga þó að engar ritaðar heimildir hafi fundist fyrir aftökum þar. Hins vegar segir þjóðsaga af þremur einstaklingum, manni konu og dreng, sem eiga að hafa verið hengd þar og dysjaðir undir þremur steinum (Ragnheiður Gló Gylfadóttir o.fl. 2016, bls. 170).



Mynd 3. Gálgi við Hróarsholt.

Vælugerðisþing og Mannabeinamelur

Á Vælugerðisþingi í Þingdal á kona af Rútsstöðum í Flóa að hafa verið dæmd til dauða og tekin af lífi árið 1666 fyrir að hafa borið út barn sitt sem hún hafði átt í frillulífi (Fitjaannáll, bls. 209–210; Hestsannáll, bls. 492). Vælugerðisþingstaður var skoðaður þann 21. júní og sáust þar hringlaga rústir en umhverfis þær var mikill trjágróður.



Mynd 4. Loftmynd af Vælugerðisþingstað.

Nokkuð norðan við Vælugerðisþing, austan við Skotmannshól, við gamla Ásaveginn í landi Hurðarbaks, blésu á fyrri hluta 20. aldar upp bein tveggja einstaklinga. Beinir voru færð í Villingaholtskirkjugarð árið 1935. Svæðið hefur því á síðari árum verið kallaður Mannabeinamelur. Í örnefnalýsingu fyrir Þingdal segir að beinin hafi verið talin tilheyra

systkinum frá Kolsholti sem hefðu verið dæmd til dauða á Vælugerðisþingi fyrir blóðskömm. Engar ritaðar heimildir hafa þó fundist um mál systkinana úr Kolsholti og hefur frásögninni því verið tekið með nokkrum fyrirvara. Í áður nefndri örnefnalýsingu (Örnefnasafn Árnastofnunar, nr. 166405-36) segir jafnframt:

„Almannarómurinn var ekki sáttur við þennan dóm. Svo þegar beinin komu upp á yfirborðið þrátt fyrir dysjun og endurgröft, styrktist þessi trú fólksins. Eitt er víst, er ég kom að þessari dys, voru beinin ofanjarðar, en hlaðið í kringum þau með grjóti og hellulagaðir steinar lagðir yfir án þess að hvíla á beinunum. Þannig voru þau sæmilega varin fyrir hrafni og hundum. Ekki hafði ég mikið hönd á beinunum, þó er mér tvennt minnisstætt. Leggir voru nokkuð heillegir, og höfuðkúpur voru líkari stórum skeljum en höfuðkúpum. Fyrir svo sem fimmtíu árum gekkst kvenfélag sveitarinnar fyrir því, að smíðaður var stokkur utan um beinin og þau flutt og grafin í kirkjugarðinum í Villingaholti við messugjörð. Ekki var ég staddur þar, en aðdáun vakti lognið og kyrrðin í glampanði sól, þá er þessi athöfn fór fram, líkt og veðurguðirnir vildu keppast við að skarta sínu fegursta yfir beinum þessara ógæfusömu útlaga, er nú loksins fengu leg í vígðri mold.“

Ef rétt er að beinin sem fundust á Mannabeinamel séu af tveimur einstaklingum sem dæmdir voru til dauða á Vælugerðisþingi vaknar upp sú spurning hvort aftakan hafi farið fram þar á dysjunarstaðnum eða hvort hún fór fram á öðrum stað, t.d. nær þingstaðnum, og að líkin hafi verið flutt. Seinni möguleikinn verður að teljast líklegri þar sem að konum var alla jafna drekkt fyrir blóðskömm og töluverður spölur er frá Mannabeinameli í vatn. Staðsetning



Mynd 5. Mannabeinamelur. Á svæðinu er upplýsingaskilti á vegum Ferðamálanefndar Austur-Flóa.

beinanna vekur einnig upp spurningar um mál ónafngreindu konunnar frá Rútsstöðum og hvar hún var dysjuð. Þann 22. júlí var dys hennar var leitað, bæði í nánd við Vælugerðisþing og Mannabeinamel, en hún fannst því miður ekki.

Klofasteinar í Eyjafirði

Í annálum segir frá þremur bræðrum, á miðri 18. öld, sem höfðu stolið ýmsu matarkyns af bæ einum. Tveir bræðrana treystu ekki þriðja bróðurnum til að þegja og hann hraktist því burt af bænum og hugðist halda til annarra sveita. Þegar hann ætlaði yfir Eyjarfjarðará sátu bræður hans tveir, ásamt öðrum strák sem þeir fengu til liðs við sig, fyrir honum og drekktu honum í ánni. Annar bræðrana gat ekki þagað yfir þessu vegna samvisku sinnar og komst málið því upp. Sagt var að foreldrar bræðrana þriggja hefði hvatt drengina til verknaðarins.



Mynd 6.
Klofasteinar í
Möðrufellshrauni.

Bræðurnir tveir og samverkamaður þeirra voru dæmdir til dauða á extralögþingi í Eyjafirði árið 1751. Eftir að önnur höndin hafði verið hoggin af piltunum þremur voru þeir hálshöggvir og dysjaðir í Möðrufellshrauni við Klofasteina, yst í hraunhalanum. Í annálum segir að þeir hafi búist vel til dauðans (Grímsstaðaannáll, bls. 615; Ketilsstaðaannáll, bls. 406; Höskuldsstaðaannáll, bls. 490; Hrafnagilsannáll, bls. 682; Íslands árbók, bls. 26; Vatnsfjarðarannáll yngri, bls. 316; Úr Djáknaannálum, bls. 79; Sauðlauksdalsannáll, bls. 430). Þann 1. ágúst var farið í hið svokallaða Möðrufellshraun í Eyjafirði, sem er þó raunar ekki hraun heldur berghlaup. Komið var að berghlaupinu niður frá bænum Ytra-Felli. Bóndinn þar kannaðist vel við söguna af bræðrunum þremur sem hefur með tímanum orðið að eins konar þjóðsögu (sjá t.d. Akureyri Vikublað). Bóndinn benti á klofinn stein yst í hrauninu sem hann kallaði Bræður og sagði að þar myndu Kálfagerðisbræður hafa verið teknir af lífi. Staðsetning steinsins stemmir ágætlega við ritaðar heimildir en við hann voru engar dysjar sýnilegar á yfirborði. Gerð var tilraun til að finna dysjarnar með flygildi en

hlaupið er gríðarlega umfangsmikið og þar eru margir klofnir steinar þar sem að aftakan kann að hafa farið fram. Dysjar piltanna þriggja eru því ófundnar.

Hof við Höfðaströnd

Þann 22. ágúst 1663 var Ólöf Magnúsdóttir dæmd til dauða á þinginu að Hofi á Höfðaströnd. Henni var gert að sök að hafa fætt barn, sem hún gat í frillulífi, í leyni á fjósinu á Felli í Sléttahlíð og skorið það í háls. Dauðadómi Ólafar var framfylgt tveimur dögum síðar og var henni drekkt í Hofsá „norðanmegin gengt kofunum“ (Vallholtsannáll, bls. 362).



Mynd 7. Hofsá.

Farið var að Hofi á Höfðaströnd þann 1. ágúst og norðurbakki Hófsár kannaður m.a. með flygildi. Bóndinn á Hofi vissi ekki til þess að þarna hefðu staðið einhvers konar kofar en benti þó á tóftir á suðurbakka árinna sem kunna að vera leifar mannvirkis. Leitin að dys Ólafar skilaði litlu enda er svæðið stórt og árfarvegurinn hefur sennilega breyst töluvert síðan að Ólöf var tekin af lífi og dysjuð.

Bakkárholt í Ölfusi

Vitað er um tvo einstaklinga sem teknir voru af lífi á Bakkárholtspingi í Ölfusi. Önnur þeirra var kona sem ekki er nafngreind í heimildum. Henni var drekkt í Bakkárholtssá árið 1599 fyrir það að hafa fallið með tveimur bræðrum enda taldist það til blóðskammar á þeim tíma. Bræðurnir fengu hins vegar að halda lífi (Fitjaannáll, bls. 90). Árið 1701 var Lafrans Helgason úr Hjallahverfi svo hálshöggvinn á þinginu fyrir að hafa myrt eiginkonu sína (Vallaannáll, bls. 443). Á þinginu voru auk þess kveðnir upp dómur um líkamlegar refsingar

en þar voru Margrét Símonardóttir og Eyvindur Jónsson t.a.m. hýdd árið 1677 (Alþingisbækur VII, bls. 403–405).



Mynd 8. Bakkárholtssá.

Farið var að Bakkárholtspingi í tvígang sumarið 2019, þann 22. júlí og 8. ágúst. Dysja Lafrans Helgasonar og ónafngreindu konunnar var leitað, m.a. með flygildi. Sú leit hefur þó engu skilað og dysjarnar því enn ófundnar.

Heimildir

Akureyri Vikublað. (2015, febrúar). Geymt en ekki gleymt – Bræður og systir tekin af lífi. Sótt af <https://www.akureyri.net/frettir/2015/02/02/geymt-en-ekki-gleymt-braedur-og-systir-tekin-af-lifi-2/>

Alþingisbækur XII 1731–1740. (1971). Reykjavík: Sögufélag.

Fitjaannáll. (1930). *Annálar 1400–1800 II*, bls. 1–411. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.

Grímsstaðaannáll. (1935). *Annálar 1400–1800 III*, bls. 435–657. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.

Hestaannáll. (1930). *Annálar 1400–1800 II*, bls. 480–570. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.

Höskuldsstaðaannáll. (1946–1948). *Annálar 1400–1800 IV*, bls. 463–603. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.

Hrafnagilsannáll. (1948). *Annálar 1400–1800 IV*, bls. 638–687. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.

Íslands árbók. (1955). *Annálar 1400–1800 V*, bls. 1–122. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.

Ketilsstaðaannáll. (1944–1946). *Annálar 1400–1800 IV*, bls. 389–462. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.

Mælifellsannáll. (1922). *Annálar 1400–1800 I*, bls. 541–666. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.

Örnefnasafn Árnastofnunar. (e.d.). Örnefnalýsing, Þingdalur, nr. 166405-36. Sótt af <http://sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=581485>.

Ragnheiður Gló Gylfadóttir, Jakob Orri Jónsson, Orri Vésteinsson og Stefán Ólafsson. (2016). *Aðalskráning fornleifa í Flóahreppi–Áfangaskýrsla III*. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Sauðlauksdalsannáll. (1987). *Annálar 1400–1800 VI*, bls. 333–482. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.

Steinunn Kristjánsdóttir, Sigrún Hannesdóttir og Magnea Dís Birgisdóttir. (2018). *Dysjar hinna dæmdu. Áfangaskýrsla 2018*. Reykjavík: Höfundar.

Úr Djáknaannálum. (1987). *Annálar 1400–1800 VI*, bls. 1–330. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.

Vallaannáll. (1922). *Annálar 1400–1800 I*, bls. 368–540. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.

Vallholtsannáll (1922). *Annálar 1400–1800 I*, bls. 317–367. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.

Vatnsfjarðarannáll yngri. (1933–1934). *Annálar 1400–1800 III*, bls. 89–161. Hið íslenska bókmenntafélag.

Myndir

Mynd 1. Gálgagil í Víðidal.

Mynd 2. Gálgi á Heggstöðum.

Mynd 3. Gálgi við Hróarsholt.

Mynd 4. Loftmynd af Vælugerðisþingstað.

Mynd 5. Mannabeinamelur. Á svæðinu er upplýsingaskilti á vegum Ferðamálanefndar Austur-Flóa.

Mynd 6. Klofasteinar í Möðrufellshrauni.

Mynd 7. Hofsá.

Mynd 8. Bakkárholtssá.